

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

14. febrúar 2019

## Umsögn Samorku: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál – Már nr. S-36/2019

Með vísan í tilkynningu í Samráðsgátt stjórnvalda, dagsett þann 31. janúar síðastliðinn þar sem óskað var eftir umsögum um áform um frumvarp um breytingu á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Fram kemur í umsagnarbeiðninni að frumvarpið sé lagt fram til að „styrkja stjórnsýslu loftslagsmála“. Það verði m.a gert með því að uppfæra ákvæði laganna um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, losunarbókhald, loftslagsráð og loftslagssjóð. Samorka tekur undir það markmið að styrkja stjórnsýslu loftslagsmála og er tilbúið til að vinna með stjórnvöldum að málinu. Þá þakka samtökin fyrir samráðið í málinu og tækifærið til að veita því umsögn.

Í 1. grein frumvarpsins er fjallað um verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Samorka telur mikilvægt að verkefnisstjórnin leggi áherslu á vítt samráð við mikilvæga hagsmunaaðila í loftslagsmálum. Samtökin leggja til að það verði skoðað hvort að formgera megi það samráð á e-n hátt, t.d með lögbundnum samráðsvettvangi.

Samorka fagnar viðbót 5.gr.a og 5.gr.d í lögum, að ráðherra skuli láta vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum og gera reglulega skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á íslenskt samfélag. Þar minna samtökin á þau miklu áhrif sem loftslagsbreytingar munu hafa á orku- og veitufyrirtækin, t.d hvað varðar vatnsaflsvirkjanir, fráveitur og vatnsveitur.

Samorka tekur vel í að starfsemi loftslagsráðs sé gefinn traustur lagalegur grunnur. Í skipunarbréfi loftslagsráðs kemur fram að „því er ætlað að vera stjórnvöldum til aðhalds með markvissri ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Þar á meðal eru aðgerðir til að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda, efla viðnámsþol gagnvart afleiðingum veðurfarsbreytinga og efla almenna vitund um loftslagsmál og aðgerðir til að sporna gegn þeim.“ Hér um að ræða ákaflega mikilvægt hlutverk og því mikilvægt í ráðinu setji þeir helstu aðilar sem leika munu stórt hlutverk í loftslagsmálum og orkuskiptum á næstu árum.

Eins og fram kemur í drögum að aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, þá snúa margar af stærstu loftslagsaðgerðunum að orkuskiptum í samgöngum og haftengdri starfsemi. Þar leika orku- og veitufyrirtækin stærsta hlutverkið og helstu innviðirnir fyrir þau orkuskipti verða byggð upp af þeim. Þess vegna er eðlilegt og mikilvægt að Samorka eigi fulltrúa í loftslagsráði. **Samtökin eru tilbúin til að leggja sitt af mörkum til starfsemi loftslagsráðs og kalla eftir því að skipaður verði fulltrúi frá Samorku í loftslagsráð.** Í því samhengi má minna á að að orku- og veitufyrirtækin samþykktu á aðalfundi

Samorku 2018 yfirlýsingu um kolefnishlutleysi fyrir 2040 – og urðu þar með fyrst stóru atvinnugreinanna til þess.

Að mati Samorku er mikilvægt að í þeirri reglugerð sem boðað er að ráðherra gefi út um skipan, hlutverk og störf loftslagsráðs, verði vel útfært hvernig loftslagsráð eigi að ná fram þeim mikilvægu markmiðum sem það á að vinna að, til að tryggja að allir aðilar sem þurfi geti fengið aðstoð við að afmarka skýra og metnaðarfulla stefnumiðaða nálgun, þannig að ná megi fram þeim markmiðum sem að er stefnt með löggjöf um loftslagsmál: Að draga úr losun og auka bindingu kolefnis.

Varðandi Loftslagssjóð þá fagnar Samorka stofnun hans og leggur áherslu á að hlutverk hans í lögum verði skýrt. Þannig er mikilvægt að úthlutanir úr honum fari í þau verkefni sem skila beint árangri, m.t.t minni losunar og bindingar kolefnis. Til þess að þjóðin geti náð markmiðum sínum í loftslagsmálum og uppfyllt skyldur sínar samkvæmt Parísarsamkomulaginu, er mikilvægt að Loftslagssjóðurinn verði öflugur, hlutverk hans skýrt og að framkvæmdin verði einbeitt að þeim markmiðum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllt,



Páll Erland,

framkvæmdastjóri